

**Sp.**

**661. Nefndarálit**

[207. mál]

um till. til þál. um kaupþing.

Frá allsherjarnefnd.

Skv. 15. gr. laga nr. 10 frá 1961, um Seðlabanka Íslands, er heimilt að stofna til og reka kaupþing. Sú heimild hefur ekki verið nýtt enn, enda þótt talsvert hafi verið unnið að undirbúningi.

Með aukinni útgáfu spariskirteina ríkissjóðs og happdrættisskuldabréfa hefur skapast grundvöllur fyrir kaupþing, jafnframt viðskiptum með önnur verðbréf.

Nefndin mælir fyrir sitt leyti með því að ríkisstjórnin stuðli að stofnun kaupþings.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Magnús T. Ólafsson og Jónas Árnason.

Alþingi, 10. maí 1975.

Ellert B. Schram,  
form., frsm.

Ólafur G. Einarsson.

Ólafur Ólafsson.

Jón Skaftason.

Lárus Jónsson.